



# STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SJÓLDUR OG SKÍNANDI RÓÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

## Fjárhagsáætlun Strandabyggðar, 2025-2028

### Greinargerð

Árið 2024 einkenndist af miklum framkvæmdum við endurbætur á Grunnskólanum á Hólmavík. Viðgerðir og endurbætur hafa staðið yfir í um tvö ár, eða frá því veruleg mygla greindist þar í nóvember 2022. Kostnaður vegna þessa hefur óneytanlega reynst sveitarfélaginu erfiður og er því lagt upp með miklu minni fjárfestingu í verkefnum og viðhaldi á árinu 2025 en eðlilegt þætti. Innviðaskuld Strandabyggðar er mikil og það hefur legið fyrir frá því núverandi sveitarstjórn tók við, að sveitarfélagið yrði að gefa sér nokkur ár í að vinna á þeirri skuld. Það er ljóst að róðurinn verður erfiður árið 2025, en þó verður reynt að framkvæma það sem nauðsynlegt þykir.

### Forsendur fjárhagsáætlunar 2025 – 2028

Sem fyrr er stuðst við ýmis gögn við gerð fjárhagsáætlunar. Þar má nefna: Samantekt Sambands íslenskra sveitarfélaga um forsendur við fjárhagsáætlanagerð, áætlanir forstöðumanna, minnisblöð sveitarstjóra og skrifstofustjóra og umræðu á vinnufundum sveitarstjórnar.

Ákveðið var að leggja upp með eftirfarandi breytur:

- Hækkun á fasteignaskatti á íbúðarhúsnæði úr 0,5% í 0,625% og á atvinnuhúsnæði úr 1,32% í 1,65%
- Almennar gjaldskrárhækkarnir verða 3,9%, sem er í takt við verðbólguþá Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Hvað áherslur í framkvæmdum varðar er lagt upp með lágmarks fjárfestingar á flestum sviðum. Sú megin regla gildir þó, að fjárfestingar sem; a) forða eign frá skemmdum og b) koma í veg fyrir slyshættu, hafa vissan forgang. Helstu verkefni eru:

- Lóðaframkvæmdir við leikskólann Lækjarbrekku. Um er að ræða heildarendurbætur á lóðinni, þ.e. jarðvegsvinnu, drenlög, tyrfinngu, jarðvegsskipti á leiksvæði, lagningu á nýju efni, grasi og tartan og ný leiktæki
- Grunnskólinn. Það liggur fyrir að yngri hlutinn er að mestu frágenginn en ganga þarf frá lóð og sprungum í veggjum utanhúss. Ekki eru fyrirhugaðar neinar framkvæmdir við eldri hluta grunnskólans á árinu 2025
- Hönnun lóða í Brandskjólum og við Íþróttamiðstöðina/hótelbyggingu. Framundan er talsverð innviðauppbýgging á Hólmavík. Annars vegar er um að ræða uppbyggingu íbúðahverfis í Brandskjólum, sem hefur lengi verið á hugmyndastigi, en verður nú að veruleika. Drög að deiliskipulagi liggja fyrir og gert er ráð fyrir að þarna verði fjölbreytt byggð, allt að 20 íbúðir. Hins vegar er um að ræða svæðið við Íþróttamiðstöðina og félagsheimilið, en það svæði þarf að endurhanna m.t.t. hótelbyggingar á bjarginu sem snýr út fjörðinn. Á fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir kostnaði við hönnun þessara svæða. Gera þarf lóðateikningar og myndir af svæðinu, hanna götur og staðsetningar mannvirkja.

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS

Það er ljóst að sveitafélagið mun ekki geta ráðist í ýmsar framkvæmdir eins og t.d. malbikun gatna, á árinu 2025. Er því lagt til að slíkar framkvæmdir færist til ársins 2026. Sama gildir um hönnun og gerð göngustíga, varnargarða og gangstétta.

Áhaldahúsið er komið til ára sinna og þarfnast mikils viðhalds. Ekki er talið forsvaranlegt að ráðast í neinar endurbætur á húsinu þar sem það er bæði of lítið fyrir núverandi starfsemi og eins þar sem kostnaður við endurbætur er álitinn of mikill. Vænlegra þykir að íhuga nýbyggingu eða flutning í húsnæði Sorpsamlagsins, sem þarf á stærra húsnæði að halda. Þörf er á að skoða þessa valkosti m.t.t. hagræðingar og kostnaðar. Strandabyggð er lang stærsti hluthafi Sorpsamlags Strandasýslu, með hátt í 80% eignarhlut, á móti Kaldrananeshreppi og Árneshreppi.

Aðrar fasteignir sveitarfélagsins þarfnast einnig viðhalds. Þar má nefna Þróunarsetrið, sem hýsir mikilvæga starfsemi Rannsóknarstofnunar Háskóla Íslands í Þjóðfræði, Vestfjarðastofu og Ásgarðs. Ljóst er að húsið þarfnast viðhalds, sem verður sett á dagskrá á árinu 2026. Þarfagreining og ástandsskoðun fer fram á árinu 2025. Þörf er á viðhaldi á íbúðum í eigu sveitarfélagsins og verður ekki hjá því komist á árinu 2025.

Eftirfarandi mynd sýnir helstu fjárfestingar í A og B hlutum:

<b>A hluti</b>						
<b>Starfsstöð</b>	<b>forst.m áætl</b>	<b>2025</b>	<b>2026</b>	<b>2027</b>	<b>2028</b>	<b>Samtals</b>
Skrifstofa	3.100.000			2.000.000		2.000.000
Skólar	34.700.000	34.700.000	10.000.000	50.000.000	50.000.000	144.700.000
Félagsheimili	14.900.000	3.400.000	2.500.000	9.000.000		14.900.000
Íþróttamiðstöð	1.640.000	1.640.000	5.000.000	5.000.000	5.000.000	16.640.000
Innviðir		20.000.000	50.000.000	50.000.000	50.000.000	170.000.000
Brák, framlag vegna Víkurtúns		18.000.000				
þjónustumiðstöð, heild						
þjónustumiðstöð, húsnæði	13.900.000				13.900.000	
Gatnaframkvæmdir	138.700.000		27.740.000	27.740.000	27.740.000	83.220.000
Gangstéttir	7.500.000		7.500.000			7.500.000
Bragginn	11.300.000				11.300.000	11.300.000
Bílar	8.000.000		4.000.000	4.000.000		8.000.000
Gámasvæði	2.000.000		2.000.000			2.000.000
Annað (botnlangastöðvar)	15.000.000	10.000.000	5.000.000			15.000.000
<b>Samtals</b>	<b>250.740.000</b>	<b>87.740.000</b>	<b>113.740.000</b>	<b>147.740.000</b>	<b>157.940.000</b>	<b>475.260.000</b>
<b>B hluti</b>						
<b>Starfsstöð</b>	<b>kr</b>	<b>2025</b>	<b>2026</b>	<b>2027</b>	<b>2028</b>	<b>Samtals</b>
Höfn	2.500.000		2.500.000			2.500.000
Flotbyggjur	7.900.000	4.500.000	1.700.000		1.700.000	7.900.000
Fráveita	29.000.000	16.000.000				16.000.000
Vatnsveita	32.900.000	17.900.000			15.000.000	32.900.000
Félagslegar íbúðir		1.000.000	2.000.000			
Sorpsamlag			80.000.000	40.000.000		
<b>Samtals</b>	<b>72.300.000</b>	<b>39.400.000</b>	<b>86.200.000</b>	<b>40.000.000</b>	<b>16.700.000</b>	<b>59.300.000</b>
<b>Alls A og B</b>	<b>323.040.000</b>	<b>127.140.000</b>	<b>199.940.000</b>	<b>187.740.000</b>	<b>174.640.000</b>	<b>118.600.000</b>

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS

## Helstu verkefni og áherslur á árinu 2025 eru:

A-hluti	
Leikskóli, lóðavinna og kaup á leiktækjum	24.700.000
Grunnskóli lóðavinna og sprunguviðgerðir utanhúss á nýrri hluta	10.000.000
Félagsheimili, ljós í sal, sviðstjöld og innanhúsviðhald v. skemmda	3.400.000
Íþróttamiðstöð, tækjakaup í þreksal, viðgerð á dúk í laug	1.640.000
Innviðir, aðal- og deiliskipulag, hönnun Brandsskjóla og hótelleits, hönnun gatna	20.000.000
Brák, framlag vegna Víkurtúns, eftirstöðvar	18.000.000
Botnlangastöðvar	10.000.000
<b>Samtals</b>	<b>88.740.000</b>
B-hluti	
Flotbryggja, ný flotbryggja fyrir farþegabáta og viðgerð á eldri bryggju	4.500.000
Félagslegt húsnæði, endurbætur baðherbergis	1.000.000
Fráveita, bygging hreinsistöðvar og endurhönnun fráveitukerfis	16.000.000
Vatnsveita, endurnýjun geislatækis og undirbúningur byggingar dæluhúss	17.900.000
<b>Samtals</b>	<b>38.400.000</b>
<b>Alls A og B</b>	<b>127.140.000</b>

### Stofnanir sveitarfélagsins

Hvað stofnanir sveitarfélagsins í B-hluta varðar, má helst nefna eftirfarandi:

- **Fráveita:** Hefja endurhönnun frárennsliskerfis og uppsetningu hreinsistöðva á Hólmavík
- **Vatnsveita:** Hefja undirbúning að endurnýjun geislatækis hjá vatnsveitu, auk nýs dæluhúss.

### Sorpsamlag Strandasýslu:

Enn er unnið að innleiðingu laga um fyrirkomulag sorphirðu. Sú innleiðing hefur tekið lengri tíma en áætlað var, og skrifast það að miklu leyti á skort á mannafla og aukin verkefni. Sveitarstjórn Strandabyggðar ákvað að innleiða svokallaðar botnlangastöðvar, sem staðsettar yrðu víða um þorpið og tækju þar við úrgangi í fjóra flokka: blandaðan úrgang, lífrænan úrgang, pappa/pappír og plast. Annan úrgang þurfa íbúar að fara móttökustöð Sorpsamlagsins á Skeiði. Þegar rætt er um botnlangastöðvar, er átt við staðsetningu móttökueininga á aðliggjandi lóðum. Á Hólmavík þarf amk 10 slíkar stöðvar um þorpið og koma þær í stað 4ra tunnu kerfis við hvert hús.

Á árinu 2025 verður innleiddur breyttur opnunartími og gjaldtaka hefst fyrir losun í vissa flokka úrgangs. Þetta kallar á aukna viðveru starfsmanns um helgar, en önnur móttaka verður á hefðbundnum opnunartíma á virkum dögum. Starfsstöð Sorpsamlagsins á Skeiði verður girt af og aðgengi takmarkað. Gerðir verða samningar um sorphirðu við fyrirtæki og stofnanir.

Það liggur fyrir að húsnæðisvandi Sorpsamlagsins er að verða aðkallandi. Ýmsar leiðir eru þar ræddar, því með auknum umsvifum er núverandi húsnæði orðið dragbítur á frekari vöxt og þróun. Stjórn Sorpsamlagsins þarf að íhuga vel næstu skref og leita leiða til að stækka, hugsanlega í samvinnu við Strandabyggð. Samnýting húsnæðis og landsvæðis kemur þar vel til greina.

### Niðurlag:

Sú innviðaskuld og þau verkefni sem liggja fyrir í Strandabyggð, gefa í raun ekki færi á miklu aðhaldi í fjárfestingum. Uppbygging íbúahverfis og nærumhverfis við nýtt hótél, eru mikil tækifæri

**STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410**

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS

og af þeirri stærðargráðu sem erfitt er að horfa framhjá. Uppbygging innviða eins og vatnsveitu og fráveitu eru líka verkefni sem þola ekki bið. Það er einfaldlega of mikið í húfi.

Annað dæmi sem ekki þolir bið, er endurgerð leikskólalóðarinnar, sem verið hefur á borði sveitarstjórna undanfarin kjörtímabil. Það er ekki hægt að bjóða leikskólabörnum upp á það lengur, að hafa ekki sómasamlega leikskólalóð. Þarna gilda líka skýr öryggissjónarmið.

Öðru máli gegnir um mörg önnur verkefni, svo sem malbikun gatna, sem vissulega er þarft verkefni sem er á dagskrá, en telst ekki nauðsyn. Þeim framkvæmdum er hægt að fresta í einhvern tíma og verður það gert.

Eldri hluti grunnskólans er annað slíkt dæmi sem ekki þarf að ráðast í á næsta ári, en liggur engu að síður fyrir sem framkvæmd komandi ára. Eins og er, fullnægir yngri hlutinn þeirri þörf að mestu, sem gerð er til húsnæðis og umhverfis grunnskólans.

Gerð fjárhagsáætlunar kallar á þor sveitarstjórnarfulltrúa til að taka ákvarðanir. Ráðstöfun fjármagns sveitarfélagsins, er gjarnan ákvörðun sem flestir hafa skoðun á. Þegar fjármagn er af skornum skammti, líkt og nú er, verður þessi ákvörðun enn flóknari og erfiðari. Hana þarf engu að síður að taka.

Sveitarstjórn stendur frammi fyrir fáum valkostum öðrum en að leita til Lánasjóðs sveitarfélaga þegar kemur að fjármögnun verkefna, þar sem reksturinn skilar sáralitu til framkvæmda. Þetta er umhugsunarefni og er Strandabyggð alls ekki eina sveitarfélagið í þeirri stöðu að glíma við þróngan fjárhag. Yfir helmingur sveitarfélaga á landinu glímur t.d. við mygluvanda í grunnskólum. Framlag Jöfnunarsjóðs er háð flóknum útreikningum sem sérstaklega litast af fólksfjöldaþróun sveitarfélaga á vissu tímabili. Framundan eru síðan breytingar á regluverki Jöfnunarsjóðs, sem munu skerða framlög til Strandabyggðar um amk 70 milljónir. Sérstökum fjárstuðningi innviðaráðherra til Strandabyggðar lauk á árinu, sem einnig þýðir tekjuskerðing frá fyrri árum. Auðvitað er það síðan hin hliðin á peningnum, að það er aldrei gott að vera of háður öðrum hvað fjármögnun reksturs og framkvæmda varðar. Þetta er tvíeggja sverð.

Sú fjárhagsáætlun sem hér er lögð fram, er lituð þeirri erfiðu fjárhagsstöðu sem sveitarfélagið er í, sem stafar m.a. af miklum kostnaði við endurbætur á grunnskólanum. Þessi erfiða staða stafar líka af þeirri innviðaskuld sem hefur byggðst upp í sveitarfélaginu á liðunum árum og áratugum.

Það er því ljóst að Strandabyggð þarf enn um sinn að herða ólina, leita leiða til sparnaðar og huga að öllum mælikvörðum og viðvörunarljósum þegar kemur að lántökum og skuldsetningu. Einnig þarf að fullnýta heimildir til álagningar skatta og gjalda, a.m.k tímabundið, til að auka tekjur sveitarfélagsins. Að öðrum kosti viðhelst hér veruleg innviðaskuld og svigrúm sveitarfélagsins til vaxtar og sóknar verður lítið sem ekkert.

Hólmavík 10. desember

Þorgeir Pálsson, Oddviti

**STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410**

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS